

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

55. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2018, miðvikudaginn 23. maí. kl.17:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 17:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð 18. fræðslunefndar frá 17. maí.
3. Seinni umræða ársreikninga 2017 Súðavíkurhrepps og stofnanna.
4. Samþykktir um dýrahald í íbúðum Súðavíkurhrepps.
5. Styrkur til knattspyrnudeildar Vestra.
6. Lýðháskólinn á Flateyri – styrkur og kaup á námsmannaplássi.
7. Fundargerð FV frá 30. apríl og 2. maí.
8. Erindi frá sóknarnefnd Súðavíkurkirkju.
9. Boð á framtíðarfund Samgönguráðuneytis þar sem móta á framtíðarsýn í málaflokkum ráðuneytisins.

-
1. Sveitarstjóri gerir grein fyrir helstu verkefnum.
 2. Lagt fram.
 3. Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnanna fyrir árið 2017 lagður fram til seinni umræðu.

Hér kemur Guðmundur E. Kjartansson til fundarins. Guðmundur leggur fram endurskoðunarskýrslu.

Heildartekjur samstæðunnar voru 300 milljónir á móti heildargjöldum upp á 249 milljónir.

Afskriftir ársins 17 milljónir.

Rekstrarniðurstaða ársins, eftir afskriftir, er jákvæð um 33,5 milljónir.

Handbært fé við áramót var 138 milljónir í bankainnstæðum og verðbréfum.

Eigið fé samstæðu sveitarfélagsins var við áramót 575 milljón.

Veltufé frá rekstri er 51 milljón á árinu 2017.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins lækkar í 24% - var í 33% í ársreikning 2016.

Ársreikningur Súðavíkurhrepps og stofnanna í seinni umræðu samþykktur samhljóða.

Bókun sveitarstjórnar.

Ljóst er að mjög góður árangur hefur náðst í fjármálum sveitarfélagsins. á kjörtímabilinu 2014 – 2018, sem vekur athygli.

*Handbært fé við lok ársins 2013 var 24 milljónir en við lok ársins 2017 **138** milljónir.*

Bankainnstæður og verðbréf við lok ársins 2013 voru 24 milljónir en við lok árs 2017 voru bankainnstæður og verðbréf 138 milljónir.

Það sem mestu máli skiptir í rekstri sveitarfélaga er útkoma veltufés frá rekstri. Við lok ársins 2013 var veltufé frá rekstri 15 milljónir. Við lok árs 2017 var veltufé frá rekstri 51 milljón.

Það sem mestu máli skiptir til halda uppi góðri þjónustu, öflugum skóla, velferð íbúa og sjálfstæði sveitarfélags er ábyrg og styrk fjármálastjórn. Það er stolt sveitarstjórnar að skila kjörtímabilinu vel frá sér, þar sem sveitarfélagið hefur aldrei staðir styrkari fótum fjárhagslega og getur beitt sér af krafti í komandi verkefnum sem verða bæði krefjandi og eflandi fyrir sveitarfélagið.

Í ljósi viðsnúnings í rekstri sveitarfélagsins á þessu kjörtímabili er tilefni til að skoða stofnun á framtíðarsjóði sveitarfélagsins til að fjármagna nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni framtíðarinnar.

Súðavíkurhreppur hefur risið upp á kjörtímabilinu sem fyrirmyndarsveitarfélag í fjármálum og verið um leið eitt af leiðandi sveitarfélögum Vestfjarða í hagsmunabáráttu fjórðungsins.

Samþykkt samhljóða.

4. Sveitarstjórn bókar eftirfarandi; Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur til að vinna við samþykktir um dýrahald í fasteignum sveitarfélagsins verði tekin upp á nýju kjörtímabili, af nýrri sveitarstjórn. Þar til sú vinna klárast, gilda reglur sem skrifstofa sveitarfélagsins hefur unnið eftir, og kemur fram í öllum leigusamningum sem sveitarfélagið gerir við leigjendur.
5. Sveitarstjórn samþykkir að veita 50 þús. króna styrk. Sveitarstjórn hvetur Vestra til að setja sér siða og verklagsreglur í samskiptamálum, jafnréttismálum og kynferðisbrotamálum.
6. Lagt fram.
7. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir að taka þátt í kostnaði við gerð girðingar í kringum kirkjugarðinn. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið með sóknarnefnd og leggja áætlaða upphæð fyrir sveitarstjórn.
8. Sveitarstjóra falið að sækja vinnufundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:11

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Valgeir Scott

Pétur G. Markan

Halldóra Pétursdóttir

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**